

Ísland á filmu, tímaverkefni

Vinnið saman 2-3 í hóp. Opnið islandafilmu.is (islandpaafilm.dk/is). Skoðið Íslandskortið eða ýtið á flipann *Sjá myndir* og skrunið í gegnum lista af myndum og myndskleiðum. Athugið að það getur verið gott að haka við *allt* vinstra megin. Lesið verkefnalýsinguna og skrifið samfelldan texta, ekki skrifa lista af svörum. Efst á greinargerðina skrifið þið titil myndskleiðsins, útgáfuár, tímalengd, tal/þögul mynd og setjið líka inn hlekkinn, t.d.:

Vélsleði á Rauðavatni, gefið út 1941, 1:08 mínútur. Þögul mynd.

<https://www.islandpaafilm.dk/is/klip/velsledi-raudavatni>

Sögulegur atburður

Finnið myndskleið sem lýsir sögulegum atburði. Það geta verið tiltekin hátíðarhöld, náttúruviðburður, opnun merkilegs húss eða stofnunar, mótmæli, o.fl. (forsetaheimsóknir íslenskra forseta teljast ekki með)

- Skrifið titil, útgáfuár, tímalengd, tal/þögul mynd og setjið inn hlekkinn að myndskleiðinu.
- Lýsið atburðinum sem myndskleiðið sýnir frá. Hvað er að gerast? Hvers vegna er þetta merkilegt?
- Hvernig er samsetningin af fólki sem er viðstatt atburðinn? Hvaða fólk er á staðnum? T.d. karlar og/eða konur, fullorðnir og/eða börn, þekktar persónur, vinnandi fólk, alþingismenn...
- Opnið timarit.is og finnið upplýsingar um atburðinn í dagblöðum og tímaritum frá þessum tíma. Hvað gerðist/var gert og af hverju? Er þetta ánægjulegur atburður eða ekki? Hvers vegna/hvers vegna ekki? Hvernig voru viðbrögð fólks?
- Hvaða áhrif haldið þið að þessi atburður hafi haft á fólk á Íslandi? Hafði atburðurinn einhver áhrif sem við finnum enn fyrir í dag?
- Hvernig haldið þið að brugðist væri við þessum atburði ef hann ætti sér stað í dag? Haldið þið að viðbrögðin væru öðruvísi í dag en þá? Hugsið t.d. út frá tilkomu internetsins, gervigreindar o.fl.
- Sjáið þið eitthvað í umhverfinu sem er öðruvísi í dag en þá? T.d. húsin, gróðurinn, bílarnir, fötin sem fólk klæðist...

Ísland þá og nú

Opnið Íslandskortið og finnið myndskleið frá stað sem þið þekkið vel. Reynið að finna myndskleið sem sýnir umhverfið ágætlega.

- Skrifnið titil, útgáfuár, tímalengd, tal/þögun mynd og settu inn hlekkinn að myndskleiðinu.
- Segið stuttlega frá því hvað er að gerast í myndskleiðinu.
- Segið frá umhverfinu. Hvernig hús eru í kring? Hvaða gróður sjáið þið?
- Opnið maps.google.com og finnið staðinn sem myndskleiðið er tekið upp á. Farið í götusjána og „gangið“ um svæðið, reynið að staðsetja ykkur þannig að þið fáið svipað sjónarhorn og er í myndskleiðinu. Takið skjáskot úr myndbandinu og af götusjánni og látið myndirnar fylgja með textanum. Hvað eru mörg ár á milli skjáskotanna? Hvað hefur breyst frá því að myndskleiðið var tekið? Eru einhver hús sem standa enn? Hvað er eins?

